

## FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

UM EFNI BLAÐSINS.

Óþarft kann það að vera fremur venju að fara að ræða efni þessa blaðs í sérstakri grein, og þykir mér þó ekki ástæðulaust að vekja athygli á þeim skilningi Ingvars Agnarssonar, að skrímsla-fyrirbæri og nú á síðari árum " fljúgandi diskar " kunni stundum að hafa verið sambandsskynjanir, eins og langflestar skyggnessýnir munu vera. Þykir mér skynsamlega tilgetið, að á þessari öld tækni og véla skuli hinir fljúgandi diskar koma að nokkru í stað huldufólksins, sem menn þóttust svo mjög komast í kynni við áður, ( og þykjast reyndar enn ), og að þar komi til greina hin ríkjandi stilliáhrif hvors tíma fyrir sig.

Um gildi þess, sem skrifast hefir ósjálfrátt og enn birtist hér í blaðinu, verður hver að dæma eftir því, sem honum þykir líklegast. En ástæða þykir mér til að ætla, að þar sé ekki um tóma markleysu að ræða, og er það meðal annars af því, að hinn látni stjórnari hefir, þótt ekki sé það rakið hér, rifjað upp minningar úr frumlífi sínu, sem sá er ritaði vissi ekki um, en reyndust þó réttar sumar hverjar. Og þótt einhver ósamkvæmni kunni að finnast í þessum frásögum, en slíkt hefi ég ekki athugað, þá þykir mér þar flest vera ákaflega sennilegt og í góðu samræmi við hinn nýalska skilning. Ennfremur er þarna margt viturlegt og góð heilræði eins og t. d. það, hve mikil undirstaða hún er allri heill hin algjöra vandvirkni. Satt að segja hafði ég ekki áður en ég las þetta þarna gert mér þetta nægjanlega ljóst, og vil ég því sérstaklega vekja athygli á því. Mér er nær að halda að það sé einmitt þetta, hin miskunnarlausu vandvirkni eða gerhygli, sem framar öðru hefir gert sanna ágætismenn ágæta, og hefir slíkt þó verið allra þýðingarmest þegar verið var að leita sannleiks eða nýrrar þekkingar. Það sem þar skipti meginmáli, er að byggt væri á traustum og ósviknum grunni varðandi sannanir og þá auðvitað eins, ef reynt var að afsanna eitthvað. Það er t. d. óhætt að segja, að hefði fullkominnar vandvirkni í hugsun verið gætt ævinlega, þá hefði aldrei komið fram kenningin um undirvitund, endurburð eða andaheim, og þá ekki heldur neinar órökstuddar staðhæfingar gegn því, sem nefndar kenningar hafa verið byggðar á.

Um grein mína, Skilningur á heimi og lífi, er það fyrst að segja, að hún er endurbætt og aukin útgáfa af grein eftir mig, sem birtist í

Mbl. þann 31. marz sl. undir heitinu Hugleiðing gegn annarri hugleiðingu, og er þar held ég ekki um neina nýng að ræða fram- yfir það, sem ég áður hefi sagt sumstaðar annarstaðar. Var til- efni hennar hugleiðing eftir Gísla Halldórsson, sem nefndist í svefnrofum, og var því þar haldið fram, að sögu hvers muni vera lokið með lífi hans hér. En hér er einnig um annað tilefni að ræða, grein eftir Björgvin nokkurn Hólum, Líf á öðrum hnöttum, og skal það þegar tekið fram, að sú grein er að mörgu leyti þakkarverð eins og allt það sem vekur menn til hugsunar um það efni. En ljóst má það vera, að eftir að komið væri á þá braut, sem ein getur orðið fær til þekkingar á lífi annara hnatta, þá mundu hin fyrstu sam- bönd manna hér ekki verða við sexfætlinga, eins og haft var þarna á orði, heldur einnig við menn eða mannlegar verur. Það er mikil ástæða til að ætla, eins og Nýalssinnar munu yfirleitt gera sér ljóst að þrátt fyrir óendanlega fjölbreytni sé hvarvetna um mikið sam- stæði að ræða, og er langlíklegast, að án slíks gæti ekkert líf verið til. Það er einmitt lífsbandið, sem líf hvernjar jarðar byggist á, og lífsbandið byggist aftur á því, að lífið sé hvarvetna líkt eða samskonar þrátt fyrir allan mun.

Að lokum skal þess svo getið að blað þetta verður að því leyti með öðrum hætti en verið hefir, að hér kemur það í nokkurskonar bókarformi, og verður það á þann hátt þægilegra fyrir lesendur og betur fallið til varðveizlu.

Þorsteinn Jónsson.

## SAMBANDSSÝNIR.

### I.

Er fólk sér ýmsar torkennilegar eða furðulegar sýnir, áttar það sig oft ekki á því, hvort sýnin tilheyrir umhverfinu raunverulega eða hvort um fjarskynjun hefur verið að ræða. Flestir, sem slíkar sýnir sjá álíta að þær séu í umhverfinu, en af frásögnum af ýmsum slíkum sýnum, má þó virðast líklegra að um sambandssýn hafi verið að ræða, að sýnin eða atburðurinn hafi í raun rétttri átt sér stað allt annarsstaðar. Þessi mistúlkun slíkra sýna mun oftast stafa af því, að sambandsástand þess, er sýnina sér, er ekki fullkomið, og skynjar hann því einnig samtímis sitt eigið umhverfi. Trúað gæti ég að sögur um huldufólk og einnig sögur um ýms furðudýr, séu ein- mitt þannig til orðnar, (þótt e. t. v. sé ekki alveg óhugsandi, að um efnun (líkömnun) geti verið að ræða í einstaka tilvikum).

### II.

Ýmsar skrímslissögur eru allfrægar, bæði hér á landi og annarsstaðar. Einna frægast mun vera skrímslið í Lock-Ness, sem er stöðuvatn í Skotlandi, allstórt. Upphaflega er þar um einn mann

að ræða, er sér skrímslið og sagan um það breiðist út. Fleiri fara að sjá það. Stundum hafa margir séð það samtímis. En hvernig sem leitað er með vísindalegum aðferðum finnst ekkert til þessa furðudýrs. Það virðist aðeins sjást þegar fólk er óviðbúið. Koma þar fram hin venjulegu einkenni furðusýnar. Þykir mér trúlegast, að hér sé um fjarsýn að ræða og að umrætt dýr eigi heima á annarri jarðstjörnu. Það, að svo margir sjá þetta dýr, mætti rekja til stilliáhrifa frá miklum fjölda fólks, sem trúir því ákveðið að slíkt dýr sé til í Lock-Ness. Þessvegna eiga þessar sýnir sér aðeins stað á þeim slóðum, því þangað beinist hugur þeirra, sem þessu trúá. Verður þar því betra til sambands til að sjá dýr þetta, því þar hefur hugur margra skapað nauðsynlegt aflsvæði eða aðstæður til að slíkt sambandssýn geti átt sér stað.

### III.

Huldufólkið Íslenzka mun vera annað afbrigði sambandssýnar. Mun þar vera um að ræða sérstakan þjóðflokk á annarri jarðstjörnu, sem Íslendingar hafa haft samband við um margar aldir. Óhugsandi er með öllu að huldufólk eigi heima í klettum og hólum, svo sem trúað hefur verið, og mun slíkt trú stafa af því, að stundum virðast slíkar verur birtast þar sem svo hagar um landslag. Huldufólk hefur verið sambandsþjóð okkar um aldir, þótt heima eigi á öðrum hnetti. Mun sú þjóð hafa haft nokkur áhrif á þjóðmenningu okkar, t. d. að því er snertir klæðaburð. Vil ég þar sérstaklega nefna þríhyrnuna, sem Íslenzkar konur hafa lengi borið, en hliðstæðu hennar mun vera að finna hjá álfum, sambandsþjóð okkar á öðrum hnetti, því oftast munu álfkonur hafa sézt þannig klæddar. Á síðustu áratugum hefur samband okkar við þessa þjóð annars hnattar minkað smátt og smátt, eftir því sem trúin á tilveru hennar hefur þorrið, og mun nú sambandi þessu vera svo að segja lokið, þótt enn komi fyrir, að menn verði álfa varir.

### IV.

Eftir að tæknimenning hefur komist á hátt stig hér á jörðu, hefur mjög borið á því að fólk hefur séð ýmsar furðusýnir í lofti, einkum fljúgandi diska í ýmsum afbrigðum. Hafa þessi fyrirbrigði stundum jafnvel sést af fjölda manns samtímis. Flestir, sem á annað borð telja sýnir þessar ekki ofsjónir, álíta að hér sé um að ræða farartæki frá öðrum hnöttum og muni þeim vera stjórnað af þroskuðum vitverum. Mér dettur í hug, hvort ekki muni einnig hér vera um sambandssýnir að ræða. Jarðbúar munu vera í allmiklu og tiltölulega nánu vitsambandi við tæknipróaða íbúa annars hnattar eða annarra hnatta. Að vér höfum komist í slíkt sambönd, einkum á síðustu áratugum, hefur óefað orðið mjög til að greiða fyrir framförum í tækni á okkar jörð, og má raunar gera ráð fyrir að án slíks sambands, við íbúa annarra hnatta, hefði ekki orðið hér um neina verulega tæknipróun að ræða. Ýmsir tæknifrömuðir og

uppfindingamenn munu beinlínis oft fá ýmsar snjallar hugmyndir við-  
víkjandi tæknilegum nýjungum, fyrir vitsamband við lengra komna  
starfsbræður sína á öðrum hnöttum. Alrönnur áhugi fyrir ýmsum  
atriðum vélamenningarinnar, verður svo til að stilla fleiri eða færri  
til að sjá sambandssýnir af þessu tagi, t. d. farartæki, sem líkist  
kringlu, á þeim hnetti, sem sambandið er við. Þótt menn telji sig  
sjá sýnir þessar í lofthveli okkar jarðar, þarf ekki svo að vera í  
rauninni og mun, eins og áður segir, stafa af því, að sjáandinn er  
vakandi, sér því umhverfi sitt, oftast þó líklega óljóst, samtímis  
því, sem hann sér sambandssýnina.

Ingvar Agnarsson

23. júlí, 1958.

### SKRIFAÐ ÓSJÁLFRÁTT ( Látinn faðir ræðir við son sinn ).

#### V.

Heldurðu að ekki sé gaman að vera á leið til sífellt meiri  
hamingju og farsældar ? Jú, vissulega. En ekki er það vandalaust,  
en auðvelt, ef vilji og dugur eru fyrir hendi. Láttu ekki áhrif frá  
þeim, sem eru á lægra stigi, spilla hugarfari þínu. Gættu þess  
að vera ekki of mikið á verði gagnvart óvild og illu umtali. Slíkt  
hefir ill áhrif á þig og veldur því, að þú verður berskjaldari  
gagnvart slíku. Leiðin fram er dásamleg, og það er ekki til sú  
hamingja, sem ekki finnst einmitt á þeirri leið.

Sjáðu nú til. Hér stend ég og virði fyrir mér það, sem við  
blasir. Í fjarska er ofurlítill, bláleit fjallsbunga, en að baki henni  
gnæfir hátt og tignarlegt fjall, sem er hærra en nokkurt fjall á ykkar  
jörð. Það er þó ekki snævi krýnt vegna þess, að loftið er hér svo  
jafnt, að ekki er hér það sem kallað er kuldi. Það sem þessu veldur  
er hugur þeirra, sem hér búa, og er það ekki með neinum ólíkindum  
vegna þess, að máttur lífsins er meiri en dauðans og myrkursins.  
Hugarfar okkar herna samstillir náttúruöflin þannig að þau hlúa  
hvarvetna að lífi og fegurð. Þessi fjallkonungur er þakinn gróðri  
upp í efstu brúnir, og er ekki amalegt að vita til þess, þegar horft  
er á hann úr fjarlægð. Það er eins og lífið sé að auglýsa sig og mátt  
sinn með hjálp þessa mikla fjallrisa. Héðan að sjá er fjallið mjög  
form- og litfagurt, og ekki er litur þess hulinn móðu fjarskans vegna  
þess að augu mín geta greint það, sem fjarst er, jafn greinilega og  
það, sem næst er. Fjallið, sem nær er, er sveipað móðu aðeins til  
fegurðarauka, en ég get séð í gegn um hana, ef ég einbeiti mér. Það  
er von að þér þyki þetta furðulegt, en það er í sjálfu sér auðskilið.

Líttu nú á. Ég horfi á fjallið, sem nær er. Ég sé hverja ein-  
staka jurtt, sem þar vex, vegna þess að ég óska þess. Móðan er horfin,  
þótt hún sé þarna í raun og veru. En augu mín eru jafnframt augu

annarra og annarra mín. Ég sé blómin með augum annarra, og er ég þannig nokkurskonar móttökutak i. Sá sem sér blómin, veit um ósk mína og athugar þau gjarnan sjálfur betur af einskærri góðvild í minn garð og magnast aftur af hlýjum hugsunum, sem ég sendi honum í staðinn. Svona er lífið hérna; Allir eru einn og einn er allir. Ég get séð um heima alla, ef ég óska þess, með augum annarra, og er þetta í sjálfu sér ákaflega mikil framför. Ég get samt sem áður ekki séð þig, Sveinn minn, ennþá vegna þess að á þinni jörð eru þeir, sem sjá, ekki nógu samstilltir öðrum sjáandi verum, og þessvegna verða draumar og vökusýnir af handahófi. Nú er ekki langt þangað til ég er laus við þá galla, sem mér tókst ekki að losna við í jarðlífinu, og er mér mikill léttir að því. Nú blasir eilífðarbrautin við mér betur en nokkru sinni fyrr. Ég sé í fjarska líf á mörgum jörðum, sem eru óumræðanlega fagrar og heillandi, og ég get ekki annað en tárfeilt af gleði yfir þeirri dýrð, sem bíður allra þeirra, sem að henni vilja leita. Lífið er dásamlegt, elskulegi drengurinn minn, og vertu nú duglegur að leysa gátur þess og vísa þeim veginn, sem blindir eru.

Ég bið kærlega að heilsa öllu fólkinu á bænum.

## VI.

Það er gaman að heyra í litlu snáðunum ( litlu sonarsonum ), en ekki er samt hægt að heyra í þeim hingað. Ég finn aðeins hugsanir þínar.

Nú er ég á gangi um landsvæði, þar sem mikill gróður er og fagur. Ég er ekki lengur í vafa um mátt lífsins. Hann er undraverður, eins og ég minntist á í gær. Nú er ég að athuga gróðurinn betur en ég hefi gert áður. Í raun og veru er ekki hægt að segja, að ég sé fróður um grös, en ég veit samt, að margt er hér öðruvísi en á jörðinni. T. d. eru blöð blómanna hér stærri og litfegurri og frá þeim stafar betri ilmur en ég kynntist áður. Við mér blasir stórt og fagurt blóm. Krónublöðin eru blá en bikarblöðin gulgræn. Í miðju eru tveir frævlar og ein fræva. Litur þeirra er gulrauður. Krónublöðin eru fimm og eins og ofurlítið tennt til jaðranna. Að lögun eru þau svipuð og krónublöð sóleyjar. Blómið er stærra en venjuleg undirskál og eru fleiri slík hér í grennd, en á milli þeirra svífa skordýr mjög litfögur, og eru stærðarhlutföll á milli þeirra og blómanna mjög svipuð og á jörðinni. Nú er ekki til neins að vera með getsakir í þessu efni, en samt vil ég geta mér þess til, að þetta sé framför, þó að ekki sé víst.

Hér er margt annað, sem gleður augað, t. d. tré og runnar. Trén vaxa sum í skugga, og virðist það ekki há þeim neitt. En þau eru ekki eins græn og hin, miklu heldur rauðleit og gulleit, og veldur þetta meiri fjölbreytni. Hin trén, sem stærri eru, eru græn eins og á jörðinni. Trén eru hér ekki notuð til annars en yndisauka. Í stað timburs er hér notað annað efni, sem unnið er úr lofti með lítilli fyrirhöfn, og er það mjög hentugt í hús og önnur mannvirki.

Það er gaman að sjá margt, sem hér gerist. Í dag sé ég fólk vera að skemmta sér við það að svífa sem hæst og hraðast, og var það skemmtileg og fögur sjón. Sumir hér eru mjög leiknir í þessari list og geta farið óræveg á skömmum tíma. Ég er enn sem komið er klaufi og ekki laus við það að vera hræddur, ef ég lendi helzt til hátt; en í sjálfu sér er það ástæðulaust vegna þess að hér koma afarsjaldan fyrir slys, nema fyrir sérstakt gáleysi eða klaufaskap. En hér eru allir vel vitibornir og kunna í flestum tilfellum fótum sínum forráð.

Nú datt mér svoltið í hug. Hefir þig nokkurn tíma dreynt að þú svifir inn í ókunn lönd? Nú langar mig til að segja þér frá einu slíku atviki varðandi mig, en það gerðist í vöku. Ég var staddur á háum tindi, sem var langt frá öllum byggðum, og langaði mig mikið til þess að geta svifið þangað, sem ég gæti hvílt og nærzt. Allt í einu var eins og ég væri tekinn á loft og ég sveif með ógnarhraða í þá átt, sem ég hafði kosið að fara. En þegar ég var rétt í þann vegginn að hverfa eitthvað út í buskann, að því mér fannst, var ég kominn á glæsilegan stað, þar sem gott var að hvílast, og ekki var amalegt, sem á borðum var. Þegar ég var mettur og afþreyttur orðinn fór ég að spyrja þá, sem þarna voru, hvernig á þessu gæti staðið, og sögðu þeir mér, að ég hefði þarna komizt í snertingu við aflsvæði nokkurskonar. En misjafnlega tekst mönnum að notfæra sér þetta, og er það mest undir sjálfum þeim komið. Það er mjög gaman að geta svifið og eykur það lífsfögnuð. En ef hugarfarið er ekki nógu gott, verður árangur lítill eða enginn. — Nú er ég að taka mig upp, og svíf ég með jörðu, standandi lóðrétt eða svo til. Ég er á heimleið og sendi þér hugskeyti á meðan. Nú er ég að verða kominn. Ég sé húsið mitt í fjarska, og færist það nær og nær. Gamán væri að þú gætir séð þetta með eigin augum, því að hér er margt nýstárlegt að sjá. En ekki þýðir að tala um slíkt. Nú er ég kominn heim, og í garðinum kring um húsið sitja vinir mínir og heilsa mér alúðlega. Innan skamms verðum við komnir í hrókasamræður og gleymum stund og stað af einskærum fögnuði yfir því að geta blandað geði saman.

Svona er lífið hérna. Við lifum og gleðjumst saman og tökum þátt hver í annars kjörum.

Ég bið að heilsa fólkinu á bænum og litlu ærslabelgjunum.

## VII.

Nú er ég ekki lengur í vafa um gildi þess, sem kallað er samvizkusemi. Ég hefi gætt þess vel undanfarið að gera allt, sem ég geri, eins vel og mér er unnt, og það hefir veitt mér mikla gleði. Í dag gætti ég þess að skilja ekki eftir eitt einasta illgresi, þegar ég var að hreinsa til í garðinum mínum. Ég er ekki að hæla mér. Þetta ættu allir að gera og er ekki nema sjálfsagt. Að öðrum kosti kemur kæruleysið niður á þeim sjálfum fyrr eða seinna. Já, nú er ég að komast

á rétta braut. Gættu þess vel að gera allt, sem þú tekur þér fyrir hendur, eins vel og mögulegt er. Þá mun þér vel farnast. Láttu ekki hlut þinn, ef þú hefir á réttu að standa, en reyndu samt ætíð að vera sanngjarn og samvinnuþíður. Ég hefi ekki búið mig sérstaklega undir það að skrifa í kvöld, enda haft nóg fyrir stafni í dag. Mér líkar það vel, að sumt af þessu skuli koma í félagsblaðinu. En samt er ég ekki áfjáður í það vegna þess, að sumt fólk efast um sannleiksgildi þess. Ég vil ekki, að þú sért tortryggður mín vegna. Þegar frá líður getur þó margt af þessu, sem ég segi, þótt merkilegt. Ekki get ég samt fullyrt, að allt sé örugglega rétt.

Mig langar til að segja frá einkennilegu atviki, sem getur ef til vill varpað ljósi á sumt, sem ég hefi verið að segja. Nýlega var ég á leið til vinar míns í gegnum dimman skóg, en villtist og vissi ógjörla, hvert halda skyldi. Þá sá ég allt í einu ljós skammt frá, og er ég rann á ljósið, færðist það fjær. Skildist mér þá, að þetta væri leiðarljós sent mér af vini mínum, sem var kunnugur á þessum slóðum. Þegar ég hafði fylgt ljósinu um hríð, sá ég að ég var kominn á rétta leið og úr því gekk allt slysalaust. Þegar ég kom til vinar míns, sagðist hann hafa fengið hugboð frá mér og reynt að birtast mér, en það hefði ekki getað orðið meira en þetta ljós. Nú hefði ég ef til vill getað svifið. En ég hafði ekki kjark til þess, því að ég hafði beyg af trjánum og myrkrinu. Enda held ég að ekki sé gott að svífa við þær aðstæður, þótt allt sé gert til að hjálpa. Við erum ekki komin á það stig hér að geta farið hamförum, nema alveg sérstaklega standi á, og eru þá goðverur, sem stjórna því. Ég hefi reynt það, og finnst það furðulegt. Oft fylgir því breyting til hins betra eða verra á líkómum vorum. Það hefir alltaf orðið til hins betra, þegar ég hefi átt í hlut, og er ég feginn því. Vinur minn sagðist hafa reynt að hjálpa mér með hugskeytum, en það tókst ekki af því að hugur minn var í uppnámi og þessvegna ekki fær um að taka á móti slíku.

Ég bið að heilsa fólkinu.

## SKILNINGUR Á HEIMI OG LÍFI.

Tvær greinar heimspeki- eða heimsfræðilegs efnis hefi ég nýlega og þó með nokkru millibili séð í Lesbók Mbl., og þori ég að fullyrða, að höfundum beggja þessara greina hefði betur tekist fræðslan, hefðu þeir fært sér í nyt Nýalskenningar dr. Helga Pjeturss, og er það slæmur misskilningur, að þær kenningar séu ekki vísindalegar. Þó að efni og líf hljóti æfinlega að fara saman, þá er, samkvæmt þeim kenningum, sú ályktun alveg óþörf, að tilveru einstaklingsins ásamt öllum minningum hans hljóti að vera lokið með dauða hans hér, enda stangast það á vil allar þær sannanir, sem sumir þykjast svo margsinnis hafa fengið um hið gagnstæða. Að trú á framlíf og vísindaleg efnishyggja geti ekki farið saman, er ekkert nema misskilningur,

og skal nú enn reynt að greiða fyrir skilningi á, að svo sé.

Það er undirstaða alls, að sambönd skuli eiga sér stað á milli hluta og einstaklinga. Frumeindir efnisins er það, sem allt byggist af, en allt, sem gerist, verður fyrir þau sambönd, sem eiga sér stað á milli frumeindanna og þeirra frumeindahópa, sem stjórnurnar eru og þá einnig hinir lifandi einstaklingar á hverri jörð. Og það sem næst ber að gera sér ljóst, til þess að öðlast skilning á tilverunni, er nauðsyn þess að sagan varðveitist. Sérhvað, sem gerist er æfinlega upprifjan einhvers annars, sem áður hefir gerzt, þó að hinsvegar geti aldrei orðið um algjöra endurtekning neins að ræða. Aldrei verður svo til nokkur hugrenning að hún sé ekki upprifjan eða ómur frá minningastrengjum einstaklingsins og um hvern einn er það líka að segja, að hann verður með nokkrum hætti að teljast upprifjan á sögu kynstofns síns. Og sé nú horft út frá þeirri kenningu Nýals, að hver einn sé þáttur í stærri lífheild, þá ætti það að geta legið alveg ljóst fyrir, að enginn megi falla niður eða glatast fremur en einhver minnisþáttur í vitund einstaklingsins. Alveg á sama hátt og líkami minn þarf á því að halda, að hver fruma hans, sem deyr endurbyggist, – alveg á sama hátt og vitund mín þarf á því að halda, að allar minningar mínar vari, þannig blasir hér við, að alheild lífsins, sá guð, sem hver einn verður að teljast þáttur í, þurfi á varanleik hans að halda.

Séð hefi ég haft eftir rússneskum lífefnafræðingi, A. I. Oparin, það sem ég hefi reyndar gert mér ljóst fyrir löngu, að lífið sé ekki nema sérstök mynd á hreyfingu efnisins, og er það reyndar í beinni mótsögn við það, sem hann hinsvegar heldur þó fram, að fjarstæða sé að tala um lífið sem nokkurn sérstakan kraft. Og í annarri greininni, sem ég vék að hér í upphafi, er sagt frá því, að veirur, sem leystar höfðu verið upp í sína líflausu frumhluta, hafi aftur orðið til eða lifnað, þegar þeim frumhlutum var blandað saman á ný og í réttum hlutföllum, og sýnir það ljóslega, að lifnunin verður fyrir ákveðna samskipan efniseinda. En hvað er það þá, sem gerist við lifnun efnisins? Það sem gerist er að ákveðin sambönd skapast út á við fyrir hina ákveðnu samskipan efniseindanna, hafning verður á stig æðra kraftveldis en um er að ræða í hinni líflausu náttúru. Í stað þeirra einna sambanda og þeirrar einnar geislunar, sem á sér stað á milli frumeindanna og sjálfra hnattanna í geimnum, verður hér um að ræða lífgeislan og lífsamband, en slíkt samband er það, sem rofnar, þegar einhver deyr. Og með því nú að gera sér ljóst, í hverju geislan er falin, fer sá möguleiki að liggja ljóst fyrir að lifendurnir vari. Þegar einn hlutur sendir frá sér geislan, þá er það æfinlega falið í viðleitni hlutarins til að koma sinni skipan á hjá öðrum hlutum, geisla þangað þeirri sérstöku mynd á hreyfingu efnisins eða því kraftformi, sem hann er. Og eins og kunnugt er af útvarpi og fleiru, þá getur þessari viðleitni orðið fram gengt til fulls, þegar sérstaklega stendur á hjá viðtakanda. Sé þar um algjört ástæði að ræða, getur viðleitninni orðið framgengt til fulls. Og út frá þessu má nú vel hugsa sér, að maður, sem deyr hér á jörðu, geti fyrir slíkt ástæði eða samstillingu lifenda



á annarri jörð byggst þar upp á ný í þeirri mynd, sem hann var, og þó endurnýjaður að heilbrigði og krafti, eins og reynt skal að sýna fram á í eftirfarandi.

Það er mjög íhugavert, að á lægsta stigi skuli hinir lifandi einstaklingar ekki eldast, heldur vera ódauðlegir, ef ekki koma til slys. Á lægsta stigi virðist það nægja gegn gömlun og ellidauða, að einstaklingarnir skipti sér, þegar ákveðinni stærð hefir verið náð, en síðar virðist aftur á móti ekki verða komist hjá því, að lífið færi einstaklingunum einhverja þá byrði, sem hann ekki geti varpað af sér á annan hátt en þann að deyja eða skipta um ham. Og þessi byrði hefi ég látið mér skiljast, að vera muni nokkurskonar skrásetning lífsögu hans. Með því að skipta sér æ, þegar ákveðnu vaxtarmarki var náð, og varpa þannig af sér sögu sinni, tókst einstaklingnum að verja sig þeirri elli og þeim ellidauða, sem líf hans að öðrum kosti hlaut af sér að leiða. En þannig ávann hann sér hinsvegar ekki það eilífðargildi, sem það hefir að bæta við sig af sögu sinni og verða þannig einn af hinum óendanlega mörgu strengjum í minningahörpu tilverunnar. Og ástæðan til gömlunarinnar er sú, að þetta eilífðargildi, sem einstaklingurinn bætir við sig með lífi sínu, getur ekki í líffræðilegum skilningi orðið hans eigið fyrr en í framlífi. Við það að sofna gefur lífstarf einstaklingsins eftir að nokkru, og fyrir það veitist honum þá einnig, einungis að nokkru sú endurnæring hins tilgeislandi lífmagns, sem er honum nauðsynleg til varanlegs viðhalds og endurnýjunar. En með dauðanum, sem er eftirgjöf lífstarfsins að grunni, veitist honum endurnýjunin til fulls og þó nokkru meira. Í frumlífi var það saga kynstofnsins, sem réði upplagi og útliti einstaklingsins ásamt hæfileika hans til að þiggja af hinni skapandi lífsuppsprettu, og hlaut hann að búa að því að mestu til æviloka. En í framlífi kemur þar einnig til greina frumlífssaga hans. Í frumlífi endurbyggist einstaklingurinn einnig samkvæmt öllu því, sem varanleg spor markaði á ævi hans, og verður honum það þá að æskufegurð sem í frumlífi varð honum að dauðabyrði, en stundum gat þó einnig verið kvöldfegurð, ef vel hafði verið stefnt.

Í annarri af greinum þeim, sem vikið var að hér í upphafi var á einum stað komist svo að orði, að í raun og veru sé eins erfitt að gera sér í hugarlund að heimurinn sé óendanlegur eins og hann sé endanlegur, því að þá komi alltaf spurningin um, hvað taki við fyrir utan. Ef ég man rétt, þá las ég það einhverstaðar, þegar ég var í æsku, að einmitt vegna þessa hljóti maður að álykta, að heimurinn sé óendanlegur en ekki öfugt, og hefir mér síðan aldrei getað skilist á annan veg. Það eitt virðist mér í þessu efni liggja ljóst fyrir að væri heimurinn ekki óendanlegur, vantaði hann sína frumorsök. Takmörkuð heild getur aldrei verið nema þáttur í annarri stærri, því að án sambanda við eitthvað annað fyrir utan sig getur ekkert verið eða hafa orðið til, og vék ég að því hér að framan. Skilningur minn á heiminum hlýtur því óhjákvæmilega að verða sá, að hvert veldið taki við af öðru í hið óendanlega, sólhverfi, vetrarbrautir, vetrarbrautir vetrabrauta og svo framvegis. Og á sama hátt hlýtur

þá hvert kraftveldið að taka við af öðru, þar sem lífið og lífgeislunin er eitt stigið.

Þorsteinn Jónsson.

### LÆKNINGAMÁTTUR ÁSTARINNAR.

Í Alþýðublaðinu 28. jan. 1962, er athyglisverð grein með þessari fyrirsögn. Er þar talað um hver lækningi áhrif ástin getur haft og því til sönnunar getið tveggja sjúkdómsatvika, þar sem ástin kom inní líf viðkomandi einstaklinga og hafði úrslitaáhrif til lækninga á sjúkdómum þeirra. Var annar sjúkdómurinn magaveiki en hinn berklar. Eru færðar sönnur á að vegna ástar og samlyndis, sem sjúklingar þessir nutu í hjónabandi sínu hafi sigur unnist á sjúkdómum þessara einstaklinga. Talað er um að skortur á ást geti valdið sjúkdómum og að gagnkvæm ást geti læknað sjúkdóma.

Ég tel alveg víst að það sem greinin segir frá, sé rétt. En þar sem ekki kemur fram í greininni skilningur á því hvernig slíkt má verða, langar mig til að koma með skýringu ef verða mætti til skilningsauka á því sem um er að ræða.

Fyrir löngu kom dr. Helgi Pjeturss fram með þann skilning á eðli ástarinnar, að hún sé magnandi lífgeislan milli karls og konu, sem unnast og að þessi samstilling elskendanna stilli til aukinnar magnanar, aukinnar líforku frá æðri lífstöðvum á öðrum hnöttum. Er þetta eitt atriði í íleiðslu- og magnanarfræði hans.

Þar sem talað er um líforku er geislar sér milli fjarlæggra himinnatta verður að hafa í huga, að lífgeislinn fer óendanlega miklu hraðar en ljósgeislinn, svo að segja má að hann fari milli fjarlæggra vetrarbrauta á litlum sem engum tíma.

Sá sem er elskaður eða elskuð magnast af þeim sem elskar, orku og lífmagnsstraumar berast frá hinum elskandi til hinnar elskuðu og gagnkvæmt. Þessari lífmagnan fylgir aukinn þróttur, aukin heilbrigði, aukin lífsgleði. Jafnframt því, sem elskendur njóta magnanar hvort frá öðru, verða þau hæfari til að verða aðnjótandi aukinnar lífmagnanar frá æðri lífstöðvum annarra hnatta, þar sem lífið hefur náð guðlegri fullkomnun. En þaðan streyma stöðugt lífgeislar til alls sem lifir á jörðin ni, og miðar að því, að veita öllum aukna heilbrigði, aukinn þroska og aukna lífsgleði. Því betur sem okkur mönnunum tekst, að samstilla okkur í góðvild hvers til annars, því greiðari leið á þessi lífmagnandi kraftur til okkar. Ekki mun til hér á jörðu meiri samstilling milli einstaklinga en milli karls og konu sem unnast hugástum. Af þeirri nánú samstillingu leiðir því, að hinn guðlegi máttur frá æðri lífstöðvum nær betur en ella, að koma sér við til mögnunar lífsþrótti og lífsgleði.

Óhamingjusöm hjónabönd eru aftur á móti eitt af verstu fyrirbrigðum í mannlegu samfélagi. Samstilling karls og konu er þar farin út um þúfur og í stað magnanar kemur afmagnan og andstilling. Og sundurþykki þeirra og andúð hvort á öðru leiðir til sambanda við illar verur á illum stöðum annarra jarðstjarna, þar sem andstilling og óvild er yfirgnæfandi þáttur í samskiptum einstaklinga. Frá slíkum stöðum streyma ill og lífeyðandi áhrif og eiga greiða leið þangað sem óvild og sundrung ríkir.

Ingvar Agnarsson.